



B.T. Bæjarráð Kópavogsbæjar

Digranesvegur 1

200 Kópavogur

Reykjavík 29. ágúst 2023

Efni: Beiðni um fjárhagslegan styrk til Bjarkarhlíðar – miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis.

Bjarkarhlíð – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis hefur nú verið starfrækt frá því 2. mars 2017. Miðstöðin er samstarfsverkefni félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Kvænnaathvarfsins, Kvinnaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Framlag samstarfsaðila er með ýmsum hætti en Reykjavíkurborg leggur til húsnæði, búnað og stendur straum af rekstrarkostnaði hússins, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið ábyrgist ákveðið fjármagn sem tryggja fjögur stöðugildi og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leggur til eitt stöðugildi en í Bjarkarhlíð er rannsóknarlögreglukona með fasta viðveru og sinnir þar upplýsingagjöf og veitir einstaklingum ráðgjöf varðandi meðferð mála í réttarvörslukerfinu. Ýmis grasrótarsamtök eru með viðveru á staðnum og veita einstaklingum stuðning og ráðgjöf.

Viðtökur við þjónustu Bjarkarhlíðar hafa farið langt fram úr væntingum samstarfsaðila í Bjarkarhlíð en samkvæmt síðustu ársskýrslu Bjarkarhlíðar leituðu tæplega 1000 einstaklingar til okkar í fyrsta viðtal. Þar að auki höfum við bætt við þjónustu okkar og boðið upp á hópastarf undanfarin misseri. Bjarkarhlíð er ávallt að leita leiða til að bæta þjónustuna og við erum í góðum tengslum við aðrar stofnanir og grasrótarsamtök til að mæta þörfum einstaklinga sem leita til okkar.

Þjónustuþegar Bjarkarhlíðar eru einstaklingar búsettir á öllu landinu en langflestir eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu eða um 80% og þarf af voru 8% búsett í Kópavogi.

Með þessu bréfi langar okkur að óska eftir því að Kópavogsbær styrki starfsemi Bjarkarhlíðar og líti á miðstöðina sem aukna og bættu þjónustu við íbúa sveitarfélagsins sem sætt hafa ofbeldi.

Virðingarfyllst,

Jenný Kristín Valberg,

Teymistjóri Bjarkarhlíðar.